

Íg um ófólk súr velkomin eðlir þessar skráðum meðfundar.

## Frettaþikymning lögs fráma blaðamannafundi

Maí 1981

Bláskráðum meðfundar  
Tólfungar gsermildi  
Braðin Jóns Kleydi

Þí sumar og haust náða nokkrar konur átt með sér umræðufurki um mótmæleika og nauðsyn sérstakar kvennaframboð til næstu borgarstjórnarkomminga í Reykjavík. Til kynningar á þeim huginnum sem þær náða verið reðdar er til að kenna rauverulegan áhuga á slíku fræmboði þóttu mí pessar komur til almenns fundar að Hótel Borg laugardaginn 24. nóvember kl. 14.00.

Þær staðreynir sem við blaða pegas farið er að athuga áhrif venna á íslensk stjórnál og atvinnulíf sýna mjög eindregið, að konur eru svo til valda- og áhrifalausar í samfélagit. Á alþingi sitja konur á móti 57 körlum, í ríkisstjórn er engin kona, aðeins 6% sveitarstjórnarmanna eru konur (eða 71 kona á móti 1076 körlum).

Í miðstjórn Alþýðusambands Íslands eru aðeins 2 konur og í stjórn Vinnuveitendasambands Íslands er engin kona. Þetta er staðreyn, prátt fyrir það að konur séu meirinluti þjóðarinnar og um helmingur félaga í verkalýðshreyfinum.

Allir stjórnálaflokkar á Íslandi eru byggðir upp og þeim stjórnad af fámennum hópi karla, svokölluðum flokkseigendafélögum. Konur fá þar ekki að koma nær en körlum hentar. Reynsluheimur venna, sem er að mörgu leyti mjög frábruðinn reynsluheimi karla, á ekki upp á pallborðið hjá stjórnálaflókkunum. Málefni sem konur varða eru að vísu stundum á stefnuskrá flokkanna, en pegas að framkvæmdum kemur eru þau látin sitja á hakanum. Til að firra sig þeim áburði að konur séu útilokaðar frá pólitískri ákvárdanatekt haga flokkseigenda-félögini því gjarnan þannig, að þau hleypa konum að nefndum og ráðum eftir ákveðnum kvóta, bennig að völd peirra og áhrif verði ekki of mikil. Einnig kemur það fyrir að konur eru settar á framboðslista sem eru til að veiða á atkvæði. Eins og málum er hátt að virðist það því vonlítið að konur geti aukið vald sitt og athafnasvið í íslenskum stjórnálum með því að fara hina hefðbundnu leid flokkakerfisins.

Það er mikill misskilningur sem fram hefur komið að með kvenna-framboði sé unnið að því einu að koma konum í sem flestar valdastöður. Það sem mestu máli skiptir er að sjónarmið venna fái að koma fram og að meira tillit verði tekið til málefna sem sérstaklega varða þær og reynslu peirra. Eigi það að verða þurfa konur að taka málín í sínar hendur.

Á fundinum á laugardaginn flytja ræður þar Kristín Ástgeirsdóttir blaðamaður, Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri og Ásgerður Jónsdóttir kennari. Flutt verður tónlist og konur lesa eigin ljóð. Fundarstjórar eru Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Helga Sigurjónsdóttir. Að loknum framsöguræðum er gert ráð fyrir umræðum og fyrirspurnum fundarmanna verður svarað. Aðgangseyrir er kr. 10.00.

Íglaða mikilvægum meðvirkunum umræðum.